

35. fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar
fimmtudaginn, 6. mars, 2003, kl. 17:00 á skrifstofu bæjarins.

Formaður bæjarráðs, Valdimar Guðmannsson setti fundinn og stjórnaði honum.

Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Atvinnumál.
2. Afrit af erindi fulltrúa sveitarfélaga (veitustjóra) á Norðurlandi til iðnaðarráðherra vegna hitaveitu í dreifbýli.
3. Afrit af samningi INVEST og Héraðsnefndar A-Hún. vegna þátttöku í launum starfsmanns og rekstri skrifstofu INVEST í A-Hún.
4. Afrit af yfirlýsingu FEMA vegna greiðslu ferðamálaframlags til INVEST.
5. Bréf frá Stéttarfélaginu Samstöðu.
6. Símenntunaráætlun Grunnskólans á Blönduósi 2003.
7. Afrit af umsókn vegna forvals í verkefninu "Rafrænt samfélag".
8. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Atvinnumál.
Almennt rætt um atvinnumál í sveitarfélaginu. Ljóst er að ekki verður af fyrirhuguðum framkvæmdum og uppbyggingu nýrrar þjónustumiðstöðvar á vegum Ollúfélagsins hf. og KH hf að sinni. Bæjarstjóra falið að fá skrifleg svör frá stjórnnum beggja þessara fyrirtækja vegna þessa.
2. Afrit af erindi fulltrúa sveitarfélaga (veitustjóra) á Norðurlandi til iðnaðarráðherra vegna hitaveitu í dreifbýli.
Á fundi veitustjóra á Norðurlandi með iðnaðarráðherra á Akureyri hinn 24. febrúar sl. kom fram að styrkir til stofnunar nýrra hitaveitna nema skv. lögum sem svarar 5 ára niðurgreiðslum á rafmagni. Í bréfi til iðnaðarráðherra dags. 3. mars sl. leggja veitustjórnarnir til að styrkir til þessara framkvæmda samsvari að lágmarki andvirði 10 ára niðurgreiðslna til að hægt sé að halda áfram lagningu hitaveitu í dreifbýli og á staði eins og t.d. Skagaströnd.
3. Afrit af samningi INVEST og Héraðsnefndar A-Hún. vegna þátttöku í launum starfsmanns og rekstri skrifstofu INVEST í A-Hún.
Lagt fram til kynningar en málið var til umfjöllunar á Héraðsnefndarfundi hinn 12. mars sl.

4. Afrit af yfirlýsingu FEMA vegna greiðslu ferðamálaframlags til INVEST.

Lagt fram til kynningar en málið var til umfjöllunar á Héraðsnefndarfundum hinn 12. mars sl.

5. Bréf frá Stéttarfélaginu Samstöðu.

Athygli er vakin á þeim möguleika að sækja um styrk úr Atvinnuleysisstryggingasjóði en sveitarfélagið getur sótt um slíkan styrk til sérstakra verkefna. Bæjarstjóri hefur þegar verið í sambandi við forstöðumann Svæðisvinnumiðlunar NV út af þessum möguleika og mun halda áfram að kanna möguleika sveitarfélagsins á þessu sviði.

6. Símenntunaráætlun Grunnskólans á Blönduósi 2003.

Lagt fram til kynningar. Bæjarráð óskar eftir að skólastjóri Grunnskólans á Blönduósi mæti á næsta fund bæjarstjórnar til að kynna símenntunaráætlunina nánar auk viðhorfskönnunar sem gerð var í vetur.

7. Afrit af umsókn vegna forvals í verkefninu "Rafrænt samfélag".

Fram lögð sameiginleg umsókn samin af SSNV og INVEST vegna forvals í verkefninu "Rafrænt samfélag". Bæjarráð lýsir yfir ánægju með hugmyndirnar sem þar koma fram og fagnar samstöðu sveitarfélaganna á svæðinu með að taka sameiginlega þátt í verkefninu.

8. Önnur mál.

- a. *Fram lagt erindi frá Fræðslumiðstöð Reykjavíkur vegna námsvistar utan lögheimilis. Bæjarráð samþykkir erindið. Nánar bókað í trúnaðarbók.*
- b. *Fram lagt erindi frá Hirti Einarssyni, formanni hestamannafélagsins Neista þar sem óskað er eftir því að skipulagsvinnu varðandi skeiðvöll í Arnargerði verði flýtt eins og kostur er svo framkvæmdir geti hafist nú á vordögum. Bæjarráð vísar erindinu til næsta bæjarstjórnarfundar.*

- c. *Fram lögð svohljóðandi tillaga frá Auðunni Sigurðssyni:*

"Undirritaður gerir það að tillögu sinni að Blönduósbær komi til móts við hugsanlega íbúðarbyggjendur á Blönduósi með því að veita styrki sem nema upphæð gatnagerðargjalda með eftirfarandi skilyrðum:

- *Um er að ræða þrjú fyrstu húsin sem verða byggð, þ.e. eitt hús við Sunnubraut, eitt við Smárabraut og eitt við Garðabyggð.*
- *Skilyrði er að framkvæmdir séu hafnar eigi síðar en 6 mánuðum frá úthlutun lóðar.*
- *Skilyrði er að húsnæðið sé fullklárað eigi síðar en 18 mánuðum frá úthlutun lóðar.*

Tilgangur tillögunnar er að efla íbúðabyggð og atvinnulíf á Blönduósi.
Auðunn Sigurðsson, D lista.
Hjördís Blöndal og Valdimar Guðmannsson styðja tillögu þessa.

Fleira gerðist ekki.
Fundir slitið kl. 18:15

Valdimar Guðmannsson (sign.)
Auðunn Sigurðsson (sign.)
Hjördís Blöndal (sign.)

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Jóna Fanney Friðriksdóttir